

Nd.

**237. Frumvarp til laga**

[120. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Á 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

- a. Orðin „og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn“ í niðurlagi 1. málgr. falli burt.
- b. 2. málgr. falli burt.

2. gr.

Síðasti másl. 5. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Í þessu frv. er lagt til, að numinn verði úr lögum einkaréttur ferðaskrifstofu ríkisins til þess að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

Oft er um það rætt, að æskilegt sé að stuðla að auknum ferðalögum útlendinga til landsins. Er til þess vitnað, að sumar aðrar þjóðir hafi drjúgar tekjur af ferðamannaviðskiptum, og talið líklegt, að þau gætu orðið íslenzku þjóðinni tekjulind í framtíðinni, ef unnið væri að því að bæta hér skilyrði til móttöku erlendra manna og hvetja þá til ferða hingað. En ríkiseinokun, á þessu sviði sem öðrum, er misjafnlega séð í viðskiptalöndum okkar, og er mjög sennilegt, að ferðalög útlendra manna hingað til lands mundu aukast, ef fleiri aðilar en ferðaskrifstofa ríkisins hefðu möguleika til þess að reka ferðaskrifstofur og veita útlendingum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu á ferðalögum þeirra hér á landi.